

um frv. til l. um verðbréfamiðlun.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á átta fundum. Henni hafa borist umsagnir um frumvarpið og hún kvatt ýmsa á sinn fund, þar á meðal fulltrúa Fjárfestingarfélags Íslands hf., Kaupþings hf., Lögverndar og bankaeftirlitsins. Jafnframt hafa verið lagðar fyrir nefndina athugasemdir Jónatans Þórmundssonar prófessors um refsíákvæði frumvarpsins.

Að lokinni athugun á frumvarpinu er nefndin þeirrar skoðunar að æskilegt sé að lögfesta ákvæði þess. Viðskipti með verðbréf hafa aukist verulega hin síðari ár og fleiri sinna nú verðbréfamiðlun en nokkru sinni fyrr. Þessar aðstæður skapa að mati nefndarinnar aukna hættu á ýmiss konar misferli í tengslum við verðbréfavíðskipti sem eðlilegt er að 'öggjafinn bregðist við.

Í I. kafla frumvarpsins eru skýrð hugtökin verðbréf, verðbréfamiðlun, verðbréfamiðlari og verðbréfasjóður. Nefndin telur þessar skýringar fullnægjandi að því undanskildu að hugtakið verðbréfasjóður virðist skýrt of þröngt. Leggur nefndin fram breytingartillögu er felur í sér rýmkun á skilgreiningu hugtaksins.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um leyfi til verðbréfamiðlunar og rekstrar verðbréfasjóðs. Nefndin telur rétt að þessi starfsemi sé háð persónubundnu starfsleyfi þar sem það skilyrði sé m.a. sett fyrir veitingu leyfis að umsækjandi setji bankatryggingu til að standa straum af greiðslu skaðabóta sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfseminnar. Jafnframt er það skoðun nefndarinnar að fyrirtæki, sem sinnir þessari starfsemi, eigi að vera skylt að láta löggiltan endurskoðanda annast endurskoðun. Sú mun og vera raunin hjá flestum ef ekki öllum verðbréfafyrirtækjum. Engu síður þykir rétt að sú framkvæmd verði lögfest. Nefndin flytur breytingartillögur við 4. og 5. gr. frumvarpsins í þessu skyni.

Nefndin telur að ákvæði III. og IV. kafla frumvarpsins séu til þess fallin að bæta verulega réttarstöðu viðskiptamanna verðbréfamiðlara. Þó þykir rétt að fara nokkrum orðum um efni 7. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 3. mgr. þeirrar greinar er verðbréfamiðlara heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi hann fengið til þess skriflegt umboð. Í 4. og 5. mgr. greinarinnar er að finna sérreglur sem nauðsynlegar þykja vegna heimildar verðbréfamiðlara í þessu efni. Ákvæði 4. mgr. þarfnast ekki skýringa en rétt er að taka fram að með ákvæði 5. mgr. yrðu tekin af öll tvímæli um það að framsalsáritun verðbréfamiðlara teljist fullgild framsalsáritun. Eins og kunnugt er þarf útgefandi verðbréfs, t.d. handhafaskuldabréfs, ekki að greiða handhafa slíks bréfs á gjalddaga ef bréfið ber ekki með sér óslitna framsalsröð til viðkomandi. Samkvæmt almennum reglum væri framsalsáritun verðbréfamiðlara ekki fullnægjandi til að halda óslitinni framsalsröð og er því nauðsynlegt að lögfesta fyrirmæli um slíkt.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um eftirlit með verðbréfamiðlun og verðbréfasjóðum. Nefndin telur eðlilegt að bankaeftirliti Seðlabankans sé falið þetta eftirlit enda hefur starfsemin m.a. þann tilgang að bjóða almenningi að ávaxta fé sitt með tilteknum hætti þótt ekki sé um innlánsstarfsemi að ræða. Á hinn bóginn telur nefndin að ákvæði þessa kafla þurfi verulegrar endurskoðunar við og flytur sérstaka breytingartillögu af því tilefni. Gerir

tillagan ráð fyrir að eftirlitið verði fyrst og fremst tvíþætt. Annars vegar skal gæta þess að engir aðrir en þeir, sem fengið hafa leyfi samkvæmt frumvarpinu, sinni verðbréfamiðlun eða starfræki verðbréfasjóð. Hins vegar beinist eftirlitið að því að þeir aðilar, sem leyfi hafa fengið til starfseminnar, sinni henni í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Jafnframt er sú skylda lögð á bankaeftirlitið að það safni upplýsingum um hvernig fyrirtækin komi þjónustu sinni á framfæri við almenning. Ekki er tekið beinlínis fram hverjar þessar upplýsingar skuli vera og er það lagt í vald bankaeftirlitsins að ákveða hvernig það hagar þessum þætti eftirlitsins. Almennt má þó segja að upplýsingaöflunin eigi að beinast að þeim atriðum sem helst eru til þess fallin að varpa ljósi á hvort einstök fyrirtæki starfi í samræmi við það sem kalla má heilbrigða viðskiptahætti. Má í þessu sambandi t.d. nefna upplýsingar um ávöxtunarkjör. Þá er gert ráð fyrir í breytingartillögunni að bankaeftirlitið sendi álitssgerð með þessum upplýsingum til viðskiptaráðherra og verðlagsráðs. Með því að senda upplýsingarnar til verðlagsráðs er framkvæmd eftirlitsins tengd ákvæðum V. kafla laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti en sá kafli fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. Getur verðlagsráð samkvæmt ákvæðum þessa kafla t.d. bannað athafnir sem felast í því að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum enda séu þessar upplýsingar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi. Með þessum hætti er reynt að tryggja að eftirlitið feli í sér leiðbeiningu fyrir fyrirtækin um það hvernig þau skuli haga starfsemi sinni gagnvart almenningi.

Að því er varðar refsíákvæði frumvarpsins telur nefndin rétt að leggja til breytingar á þeim ákvæðum. Er þar einkum um tvær breytingar að ræða. Sú fyrri gerir ráð fyrir að sú refsivernd, sem frumvarpið veitir gegn brotum, eigi ekki eingöngu að ná til þess að starfrækt sé verðbréfamiðlun eða verðbréfasjóður án leyfis, heldur einnig til brota gegn ákvæðum III. kafla frumvarpsins um réttindi og skyldur verðbréfamiðlara. Síðari breytingin gerir ráð fyrir að auk sekta og fangelsis verði unnt að dæma í varðhald vegna brota á lögunum.

Að endingu er rétt að taka fram að nauðsynlegt er að breyta gildistökudegi laganna sem í frumvarpinu er miðaður við 1. mars 1986. Leggur nefndin til að gildistökunni verði frestað til 1. júní n.k. Enn fremur leggur nefndin til að gildistöku 10. gr. verði flýtt um eitt ár. Loks er lagt til að starfandi verðbréfamiðlurum við gildistöku laganna verði heimilt að halda áfram starfi sínu án leyfis viðskiptaráðherra til 1. ágúst 1986.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. mars 1986.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Jón Kristjánsson.

Eiður Guðnason,
fundaskr., með fyrirvara.

Valdimar Indriðason.

Egill Jónsson.

Ragnar Arnalds,
með fyrirvara.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
með fyrirvara.